

Ed. **512. Frumvarp til laga** [265. mál]  
um breyting á lögum nr. 12 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Flm.: Albert Guðmundsson.

**1. gr.**

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að taka leigu eftir sorpilát, sem sveitarstjórn leggur húseigendum til. Leigugjald skal ákveða í reglugerð og er gjaldið tryggt með lögveðsrétti í húseign leigutaka í tvö ár eftir gjalddaga.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Fasteignaskattur skv. II. kafla laga nr. 8/1972 er tryggður með lögveði í eign. Í mörgum sveitarfélögum landsins er skatturinn innheimtur sameiginlega með öðrum fasteignagjöldum. Í Reykjavík eru t. d. innheimt með fasteignaskatti eftirtalin gjöld: Vatnsskattur skv. l. nr. 93/1947, brunabótagjald skv. l. nr. 25/1954, lóðarleiga skv. l. nr. 86/1943, tunnuleiga skv. l. nr. 12/1969 og viðlagatryggingargjald skv. l. nr. 52/1975. Vegna hinnar sameiginlegu innheimtu er nauðsynlegt að samræma innheimtuleglur framangreindra laga og setja ótvíræð ákvæði um lögveðsrétt. Hefur verið dregið í efa að innheimtuákvæði laga nr. 12/1969 væru nógu skýr að þessu leyti og er því frumvarp þetta flutt til þess að taka af allan vafa í því efni.

Frumvarpið er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur.